

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, Skessugil.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. október 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að landnotkun á reit austan við suðurenda Skessugils breytist úr opnu óbyggðu svæði og almennu útivistarsvæði í íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir einni lóð á svæðinu með tveimur fjölbýlishúsum með alls 8 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. október 2003.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Viðauki við skipulagsskilmála við Hæðarbyggð 8.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Hæðarbyggð 8. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Viðauki við skipulagsskilmála við Tjaldanes 15.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt viðauka við skipulagsskilmála fyrir Tjaldanes 15. Í breytingunni felst m.a. að heimilað verður að byggja baðhús á lóðinni. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Skipulagsskilmálar við Brekkubyggð 2-56.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Brekkubyggð. Í breytingunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við viðbyggingar vestan við hús í Brekkubyggð 2-56. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 8. október 2003.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.